

Mánudaginn 24. apríl 1939.

Nr. 65/1938. **Garðar Þorsteinsson f. h. Jaan Karu**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótakrafa út af höfðun refsímáls, ólögmaetu lögtaki og drætti á afhendingu báts, er lögtaki var tekinn.

Setudómari prófessor Ísleifur Árnason í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. júní 1938 og krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum eistneskar kr. 46066.19 og isl. kr. 766.55 ásamt 5% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá birtingardegi stefnu 18. maí 1937 til greiðsludags, svo og eistneskar krónur 746.25 með 5% ársvöxtum frá birtingardegi framhaldsstefnu 10. jan. 1938 til greiðsludags. Ennfremur krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði færðar niður eftir mati hæstaréttar. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Skaðabótakröfur áfrýjanda eru reistar á eftirgreindum ástæðum:

1. Að ríkissjóði beri að bæta tjón, er af því leiddi, að höfðað var opinbert refsímál á hendur skipstjóranum á v/b „Kitti“, Johan Heyman, vegna grunar

um, að hann hefði brotið gegn ákvæðum sóttvarnarlaga, en því máli lauk með dómi hæstaréttar 9. des. 1935 á þann veg, að nefndur skipstjóri var sýknaður af kærnum og kröfum valdstjórinnar.

2. Að ríkissjóði beri að bæta tjón, sem af því hefir hlotizt, að lögtak var gert í nefndum bát „Kitti“ fyrir ýmsum skipagjöldum þann 23. júlí 1935, en lögtaksgerðin var úr gildi felld með dómi hæstaréttar 21. febr. 1936.

3. Að ríkissjóði beri ennfremur að bæta tjón, er áfrýjandi telur sig hafa beðið við það, að honum hafi ekki verið afhentur nefndur bátur „Kitti“, er þess var krafizt í byrjun september 1936.

Um 1. Til stuðnings því, að stefnda beri að greiða bætur samkvæmt þessum lið, hefir áfrýjandi einkum fært það, að Johan Heyman skipstjóra hafi verið meinað að fara af landi brott, meðan refsímál hans var ekki á enda kljáð. Ekki verður talið, að stefndi hefði orðið bótaskyldur út af höfðun máls þessa, eins og því var háttað, nema skilyrði fyrir lögjöfnun frá 1. gr. laga nr. 28/1893, um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju o. fl., þættu hafa verið fyrir hendi. Hér kemur þó ekki til álita, hvort svo hafi verið, þar eð skaðabótakrafa samkvæmt analogíu 1. gr. nefndra laga, þótt til hefði verið, væri nú fallin niður samkvæmt analogíu 4. gr. sömu laga, með því að meira en ár var liðið frá því að sýknudómur í máli greinds Johan Heyman gekk í hæstarétti þann 9. des. 1935, er mál þetta var höfðað þann 18. maí 1937. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af þeim kröfum áfrýjanda, sem risnar eru af þeirri ástæðu, er í þessum lið greinir.

Um 2. Í sambandi við áfrýjun lögtaksgerðarinnar í v/b „Kitti“, er áður greinir, var engum skaðabóta-

kröfum hreyft á hendur stefnda út af ólögmæti lögtaksins. Þótt svo væri, að áfrýjandi hefði átt rétt til bóta samkvæmt 13. gr. laga um lögtak o. fl. nr. 29/1885 vegna ólögmætis lögtaksgerðarinnar, þá væri sú krafa nú niður fallin, þar eð hún var ekki borin fram í sambandi við áfrýjun oftnefndrar lögtaksgerðar, sbr. 11.—13. gr. nefndra laga nr. 29/1885. Verður því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda einnig af þeim kröfum áfrýjanda, sem reistar eru á þeim grundvelli, er í þessum lið getur.

Um 3. Eins og skýrt er frá í hinum áfrýjaða dómi, var ræðismanni Eistlands í Reykjavík tilkynnt í skeyti 22. ágúst 1936, að e/s „Wirurand“ frá Tallinn myndi taka v/b „Kitti“ á Siglufirði, og sama dag tilkynnir bæjarfógeti Siglufjarðar ræðismanninum, hver sé áfallinn kostnaður vegna geymslu v/b „Kitti“ á Siglufirði, og hefir honum þá væntanlega verið ljóst, að bátsins yrði krafizt innan skamms. Þann 1. sept. 1936 kom e/s „Wirurand“ til Siglufjarðar, og var þess krafizt af bæjarfógeta, að báturinn yrði þá þegar afhentur á floti. Spurðist bæjarfógetinn þá fyrir um það hjá dómsmálaráðuneytinu, hvort krefja ætti eigendur bátsins um áfallinn kostnað, en ráðuneytið svaraði á þá leið, að bæjarfógetinn skyldi afhenda eigendunum bátinn að kostnaðarlausu. Báturinn stóð uppi á dráttarbraut, þar sem bæjarfógetinn hafði komið honum fyrir til geymslu, eftir að lögtakið var í honum gert. Virðist bæjarfógetinn ekki hafa talið sér skylt að annast framsátur bátsins, heldur talið fullnægjandi skil að vísa á hann, þar sem hann var á dráttarbrautinni. Stóð í þófi um þetta til 4. sept. að kvöldi, en þá tilkynnti bæjarfógeti umboðsmanni eigenda „Kitti“ á Siglufirði, að báturinn myndi verða settur á flot

daginn eftir. En nóttina milli 4. og 5. sept. fór e/s „Wirurand“ frá Siglufirði, án þess að hafa fengið v/b „Kitti“ afhentan.

Á það verður að fallast með áfrýjanda, að bæjarfógeta Siglufjarðar hafi verið skylt að annast fram-sátur bátsins og skila honum á floti, og að hann hafi því ekki fullnægt þeirri skilaskyldu, er á honum hvíldi vegna töku nefnds báts, eftir að lögtakið var í honum gert, og fyrirmæla dómsmálaráðuneytisins um afhendingu hans. Umboðsmaður eigenda bátsins á Siglufirði hefir að visu skýrt frá því, að hann hafi þann 3 sept. 1936 snúið sér til fyrirsvarsmanna dráttarbrautarinnar með tilmæli um það, að báturinn yrði settur fram, en þeir hafi þá tjáð honum, að dráttarvélin væri biluð og myndi taka langan tíma að gera við hana. Af hálfu stefnda er ekkert upplýst um þessa bilun, enda myndi hún ekki skipta máli um skilaskylduna. Þykir stefndi verða að bera ábyrgð á því tjóni, sem vanrækslan á afhendingu bátsins hefir valdið áfrýjanda, enda taka fyrrgreind ákvæði laga nr. 29/1885 ekki til þessa tilviks, sem gerðist eftir það, að lögtaksgerðin var ómerkt í hæstarétti.

Kröfur áfrýjanda í sambandi við þennan lið eru sem hér segir:

a. Kostnaður við komu e/s „Wirurand“ til Siglufjarðar og bið þess þar í byrjun sept. 1936, eistneskar kr. 965.82.

b. Kostnaður við lögfræðilega aðstoð, símtöl o. fl. í sambandi við kröfu um afhendingu bátsins í sept. 1936, ísl. kr. 266.55.

c. Bætur fyrir afnotamissi v/b „Kitti“ frá 15. sept. 1936, sem er ráðgerður komudagur bátsins til Tallinn, ef hann hefði verið afhentur, til 18. maí

1937, er mál þetta var höfðað, eistneskar kr. 14000.00.

d. Ennfremur telur áfrýjandi bátinn hafa orðið fyrir verðrýrnun frá því að hann kom til Siglufjarðar í júlí 1935 og þangað til hann var seldur í sept. 1937, er nemi eistneskum kr. 12000.00. En í sambandi við þennan lið kemur aðeins til álita verðrýrnun, er kynni að hafa átt sér stað á tímabilinu frá 1. sept. 1936, er afhendingar var krafizt, til 18. maí 1937, er mál þetta var höfðað.

Um a. og b. Áfrýjandi þykir hafa gert næga grein fyrir kostnaði þeim, sem í þessum liðum getur. Ber því að taka þá kröfuliði báða til greina.

Um c. Áfrýjandi á rétt til bóta fyrir afnotamissi bátsins þann tíma, sem hér ræðir um, en krafa hans um eistneskar kr. 14000.00 gengur bersýnilega mjög úr hófi. Með tilliti til ástands og stærðar bátsins og þess einnig, að hér er um vetrarmánuði að ræða, þykir þessi kröfuliður hæfilega ákveðinn ísl. kr. 2500.00, og ber að dæma áfrýjanda þá fjárhæð.

Um d. Við lögtaksgerðina 23. júlí 1935 var v/b „Kitti“ metinn á 1100 ísl. krónur, en að öðru leyti skortir allar upplýsingar um verðmæti hans á þeim tíma, er hann kom til Siglufjarðar, enda verður váttryggingarfjárhæð bátsins ekki talin sönnun fyrir verðmæti hans þá. Báturinn var seldur haustið 1937 fyrir 150 tonnur saltsildar, sem áfrýjandi telur jafngilda 3000.00 eistneskum krónum. Í máli þessu brestur sönnun fyrir því, að báturinn hafi rýrnað nokkuð í verði á tímabilinu frá 1. sept. 1936 til 18. maí 1937, sem hér kemur eitt til álita, eins og fyrr segir. Verður þessi kröfuliður því ekki að neinu leyti til greina tekinn.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða áfrýjanda eistneskar krónur 965.82 og ísl. kr. 266.55 + kr. 2500.00 = ísl. kr. 2766.55, ásamt 5% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 18. maí 1937 til greiðsludags.

Það þykir og rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 400.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, greiði áfrýjanda, Garðari Þorsteinssyni f. h. Jaan Karu, eistneskar kr. 965.82 og ísl. kr. 2766.55 ásamt 5% ársvöxtum af fjárhæðum þessum frá 18. maí 1937 til greiðsludags. Stefndi greiði og áfrýjanda samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. marz 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 18. maí 1937 af Garðari Þorsteinssyni hrm., hér í bæ, f. h. Jaan Karu, Tallinn, Eistlandi, gegn fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til greiðslu skaðabóta að upphæð eistneskar kr. 46066.19 og ísl. kr. 766.55 með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu útgefinni 10. janúar 1938 hefir stefnandi hækkað skaðabótakröfuna um eistneskar kr. 746.25, og krafizt 5% ársvaxta af þeirri hækkun frá birtingardegi framhaldsstefnunnar til greiðsludags, en ekki breytt kröfunum að öðru leyti.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu og málskostnaðar, en *til*

vara, að hin umstefnda upphæð verði lækkuð að miklum mun eftir mati réttarins og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þann 1. júlí 1935 kom vélbáturinn Kittí frá Tallinn á Eistlandi til Siglufjarðar. Bátur þessi, sem er að stærð 19,14 smálestir brúttó, en 9,74 smálestir netto, var eign stefnanda, en áhöfn hans var í þetta sinn skipstjórinn, einn vélamaður og einn háseti. Bæjarfógetinn á Siglufirði taldi ýmislegt grunsamlegt við ferð bátsins, m. a. taldi hann, að vera kynni, að sóttvarnarlög hefðu verið brotin, og hóf hann þegar lögreglurannsókn um það og tilgang fararinnar yfirleitt. Að því er brot á sóttvarnarlögum snerti, lauk rannsókninni á þann veg, að ástæða þótti til að sækja skipstjórann til refsingar fyrir brot á 3. og 7. gr. laga nr. 65 frá 19. júní 1933, og lauk því máli með dómi uppkeðnum í lögreglurétti Siglufjarðar þann 11. júlí 1935 á þá leið, að skipstjórinn var sektaður um kr. 1900.00 fyrir brot á 7. gr. nefndra laga og hlutdeild í broti á 3. gr. þeirra.

Að því er snertir tilgang fararinnar upplýstist það, að m/b Kittí tilheyrði eistneskum sildveiðileiðangri, sem komið hafði hingað til lands um sumarið í þeim tilgangi að stunda hér sildveiðar utan landhelgi. Í leiðangrinum voru 4 skip, eign O/Y Kalandus í Tallinn. Virðist aðalskipið hafa verið e/s Eestirand, sem talið var 7200 brúttó smálestir að stærð, og hafði skipstjórinn á því yfirstjórn leiðangursins á hendi. Hafði v/b Kittí verið settur á þilfar e/s Eestirand í Tallinn og fluttur þannig til Íslands, en verið settur í sjó við Grimsey. Var ætlunin sú að nota v/b Kittí til að annast samband við land fyrir leiðangurskipin, svo og samband milli þeirra innbyrðis. Var v/b Kittí undir yfirstjórn skipstjórans á Eestirand, enda þótt sérstakur skipstjóri og sérstök áhöfn væri skráð á hann. Var stefnandi, eins og áður er sagt, eigandi v/b Kittí, en hafði leigt útgerðarfélagi leiðangursins hann til umræddra afnota.

Með tilliti til þess, sem upplýstist um samband v/b Kittí við leiðangurinn og sérstaklega við e/s Eestirand, einkum þess, að báturinn kom hingað á þilfari skipsins, að hann var í þjónustu þess og undir yfirstjórn skipstjóra þess og að áhöfn hans var skyld til að vinna í e/s Eestirand, þegar skipstjóri þess krefðist, leit bæjarfógetinn

á Siglufirði svo á, að v/b Kitti væri að því leyti hluti af e/s Eestirand, að lögboðin opinber gjöld vegna komu v/b Kitti til Siglufjarðar bæri að miða við smálestatal e/s Eestirand, eins og það hefði sjálft komið til hafnar. Samdi bæjarfógetinn því reikning, stilaðan á e/s Eestirand, yfir hin lögboðnu gjöld, samtals að upphæð kr. 6824.80. Krafði hann því næst skipstjórann á v/b Kitti um greiðslu þessa reiknings, en hann neitaði að greiða. Í fógetarétti Siglufjarðar, sem haldinn var 10. júlí 1935, úrskurðaði bæjarfógetinn, að taka skyldi gjöldin lögtaki í v/b Kitti að liðnum lögboðnum fresti frá birtingu úrskurðarins. Í þessu réttarhaldi var því mótmælt af hálfu skipstjórans á v/b Kitti, að honum bæri að greiða reikninginn og að hann bæri ábyrgð á greiðslu gjaldanna, hvort heldur persónulega eða með skipi sínu v/b Kitti, svo og því, að e/s Eestirand bæri að greiða þau. Lögtak fyrir gjöldunum var svo gert í v/b Kitti 23. júlí 1935, og í fógetaréttinum bannaði fógetinn gerðarþola, þ. e. skipstjóranum á v/b Kitti, að ráðstafa bátnum eða færa hann svo úr stað, að skert gæti rétt lögtakshafa.

Öllum framangreindum réttargerðum bæjarfógetans var áfrýjað til hæstaréttar, og urðu málalok þar þau, að með dómi réttarins uppkveðnum 9. desember 1935 var skipstjórinn á v/b Kitti sýknaður af kröfum valdstjórnarinnar og allur kostnaður lagður á rikissjóð, og með dómi réttarins uppkveðnum 21. febrúar 1936 var framangreindur lögtaksúrskurður og lögtaksgerð feld úr gildi, með því að hæstiréttur leit svo á, að eftir því sem upplýstist um v/b Kitti og nánar er tilgreint í hæstaréttardómnum, bæri að telja hann sjálfstætt skip, en ekki hluta af e/s Eestirand, en málskostnaður var látinn falla niður.

Allan þennan tíma, frá 1. júlí 1935, var v/b Kitti hafður á Siglufirði, og varð hann því ekki notaður eins og til var ætlaðt í þjónustu leiðangursins. Virðist hafa verið gerðar margar tilraunir af hálfu eistneska konsúlsins í Reykjavík til þess að fá stjórnarráðið hér til að hlutast til um, að báturinn yrði afhentur gegn því, að greidd væru lögmælt gjöld af honum, en tilraunir þessar báru ekki árangur. Eftir að hæstaréttardómurinn 21. febrúar 1936 var fallinn, virðist þó ekki hafa verið hirt um það af hálfu stefnanda að taka bátinn fyrr en síðla sumars 1936, að

það gerðist, sem nú verður greint. Þann 22. ágúst var konsúlnum hér sent skeyti um það, að e/s Virurand mundi taka v/b Kittí á Siglufirði, og virðist bæjarfógetanum á Siglufirði hafa verið gert aðvart um þetta samdægurs. Þann 31. ágúst fékk konsúlatið tilkynningu um, að e/s Virurand myndi verða á Siglufirði 1. september. Þann 1. september skrifaði Alfons Jónsson, lögfræðingur á Siglufirði, bæjarfógetanum þar vegna eistneska konsúlsatsins í Reykjavík og krafðist þess, að v/b Kittí yrði afhentur skipstjóra hans, sem var með e/s Virurand. Var þess krafizt, að báturinn yrði afhentur á floti og í sama ástandi og hann var í þann 1. júlí 1935. Samdægurs skrifaði eistneska konsúlatið hér dómsmálaráðuneytinu og gerði samhljóða kröfu til þess. Á þessum tíma stóð v/b Kittí uppi í slipp á Siglufirði og virðist þá hafa staðið þar alllengi. Bæjarfógetinn svaraði hérgreindu bréfi Alfons Jónssonar samdægurs á þá leið, að áður en v/b Kittí yrði afhentur, yrði að greiða kr. 340.00 í slippleigu og fyrir smurningu á vél svo og skipagjöld af bátnum, samtals kr. 47.00. Daginn eftir féll hann, að því er virðist eftir fyrirmælum stjórnarráðsins, frá því, að hérgreindar kr. 340.00 væru greiddar, en krafðist aðeins greiðslu á nýnefndum kr. 47.00. Voru þær þegar greiddar, og er svo að sjá sem bæjarfógetinn hafi þá leyft að taka bátinn úr slippnum. En svo virðist sem þeir, er veita áttu bátnum viðtöku, hafi talið bæjarfógetanum skylt að skila honum á floti, en hann hinsvegar talið sér það óskilt, en aðeins vísað á bátinn í slippnum og sagt, að þeir yrðu að eiga við ráðamenn slippsins um að koma bátnum á flot. Virðist hafa verið nokkurt þóf um þetta, og lauk því þannig, að e/s Virurand fór frá Siglufirði aðfaranótt þess 5. september án þess að taka v/b Kittí, og var þá hætt við að setja hann niður. Var báturinn því látinn vera kyrr á Siglufirði, og hefir hann nú nýlega verið seldur þar fyrir 150 tunnur af saltsild.

Af öllu þessu telur stefnandi sig hafa beðið mjög mikið tjón, svo sem margskonar kostnað við áhöfn m/b Kittí, kostnað við dvöl e/s Virurand á Siglufirði, kaup áhafnar v/b Kittí, leigutap af v/b Kittí, verðrýrnun á bátnum o. fl. o. fl. Samtals telur hann tjón sitt nema stefnukröfunum í máli þessu, og telur hann, að stefndum beri að bæta sér það að fullu.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því, að framangreint lögtak í v/b Kittu hafi reynzt ólögmætt, svo og að ólögmætt hafi verið að halda bátnum á Siglufirði allan þennan tíma, sem gert var, en skaðabótaábyrgðin á öllu þessu hvíli á stefndum. Þá hafi stefnandi sjálfur ekki verið skyldur til að gera neinar sérstakar ráðstafanir til að forða þessu tjóni, heldur hafi honum verið fyllilega heimilt að láta allt ganga eins og það gekk, þar eð lögtakið og allar afleiðingar þess hafi verið á ábyrgð ríkissjóðs.

Stefndur byggir sýknukröfuna aftur á móti á því, að fullkomin ástæða hafi verið til þess af bæjarfógetanum á Siglufirði að höfða mál þau, er höfðuð voru út af komu v/b Kittu til Siglufjarðar 1. júlí 1935, og framkvæma lögtakið í bátnum. Lögtakið hafi verið löglegt í alla staði og forsvaranlegt eins og á stóð. Þá hafi sú leið staðið stefnanda opin að setja tryggingu fyrir gjöldunum, sem lögtakið var gert fyrir, og hefði hann þannig getað afstýrt öllu tjóni. En með því að lögtakið hafi farið fram með löglegum hætti og stefnandi hafi ekki gert það, sem í hans valdi stóð, til að afstýra tjóni af því, þá geti stefndur ekki borið ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi kunni að hafa beðið vegna lögtaksins.

Í 13. gr. lögtakslaganna eru ákvæði um bætur af hálfu lögtaksbeiðanda til handa lögtakspóla, ef lögtaksgerð reynist ólögmæt. Er þar ákveðið, að lögtaksbeiðanda, hvort sem hann sé ríkið, kaupstaður, hreppur eða einstaklingur, beri að bæta lögtakspóla allan þann halla, er hann hefir beðið af ólögmætri lögtaksgerð, eftir þeim reglum, er gilt höfðu til gildistöku lögtakslaganna. En eftir þeim reglum skyldi lögtaksbeiðandi bæta skaðann, nema að ætla mætti, að hann hefði enga skynsamlega ástæðu haft til að telja kröfu þá, er lögtaks var beiðst fyrir, ranga.

Rétturinn litur nú svo á, að lögtaksbeiðandi, sem mun hafa verið bæjarfógetinn vegna ríkissjóðs, hafi enga skynsamlega ástæðu haft til að telja lögtakskröfuna ranga, þar eð hann hafði að undangenginni rannsókn komið að þeirri niðurstöðu, að hún væri réttmæt, og úrskurðað sem fógeti, að lögtak skyldi gert fyrir henni. Ennfremur verður rétturinn að telja, að gegn mótmælum stefnds sé ósannað í máli þessu, að afskipti bæjarfógetans af bátnum, þangað til lögtakið var fellt úr gildi, hafi verið þannig vaxin,

að þau geti bakað stefndum skaðabótaábyrgð. Þá verður ekki fallizt á það með stefnanda, að bæjarfógetanum hafi verið skylt að setja bátinn á flot, þegar þess var krafizt, þar eð báturinn virðist hafa orðið honum óviðkomandi um leið og skipagjöldin af honum voru greidd. Loks verður rétturinn að telja, að stefnandi hafi ekki neytt þeirra ráða, er fyrir hendi voru, til að verjast tjóninu, svo sem þeirra að greiða lögtaksupphæðina með fyrirvara um endurgreiðslu eða að bjóða tryggingu fyrir gjöldunum, á meðan á áfrýjun stóð, en hvorttveggja þetta virðist hefði getað forðað stefnanda frá öllu tjóni vegna lögtaksins.

Að öllu þessu athuguðu þykir verða að sýkna stefndan af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en enda þótt stefnandi virðist hefði getað komið skaðabótakröfunni að við áfrýjun lögtaksgerðarinnar, og þetta mál hefði því ekki verið nauðsynlegt, þá þykir þó eftir atvikum rétt að dæma hann ekki í málskostnað til stefnds, heldur verður málskostnaður látinn falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Garðars Þorsteinsonar f. h. Jaan Karu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 24. apríl 1939.

Nr. 73/1938. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
(Theodór B. Línal)

gegn

Péttri Magnússyni f. h. eigenda e/s
„Fagerstrand“ (Pétur Magnússon).

Kröfur út af vanefndum farmsamnings.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. júní f. á. og krafizt þess, að stefndi